

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps
Bjarni Reykjalín
Kjarni
650 Laugar





UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300175/bs

Ný brú á Jökulsá á Fjöllum - Deiliskipulagslýsing. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagslýsingu. *Skipulagssvæðið sem er 170 ha að stærð nær yfir breytta legu Hringvegarins, tvö námusvæði og þrjú athafnasvæði sem ná samtals yfir 8,0 ha, þ.e. athafnasvæði við brúarstæðið sem er 6,0 ha og tvö svæði fyrir vinnubúðir sem eru hvort fyrir sig 1,0 ha.* Umhverfisstofnun telur helstu viðfangsefni og áherslur skipulagsins góðar sérstaklega hvað varðar fyrirætlanir um frágang að framkvæmdum loknum. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur